

gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 17. júlí 2004.

*Hollustuvernd ríkisins, 8. febrúar 2002.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

\_\_\_\_\_  
*Helgi Jensson forstöðumaður.*

## AUGLÝSING

### frá fjármálaráðuneytinu.

Frá og með gildistöku laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hefur lagaheimild reglugerða nr. 411/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, og 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, byggt á 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sömu laga. Málsgrein þessi er nú fallin úr gildi og þar með fyrrnefndar reglugerðir.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Gunnar Björnsson.*

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur veitt SR-mjöli hf., Reyðarfirði, kt. 560793-2279 starfsleyfi til að reka fiskimjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. maí 2003.

*Hollustuvernd ríkisins, 5. febrúar 2002.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

\_\_\_\_\_  
*Helgi Jensson forstöðumaður.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

1. Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi, vegna Vesturgötu 48 og Kirkjubrautar 25.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 8. janúar 2002, var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits á Akranesi.

Tillagan nær til deiliskipulags Akratorgsreits og tekur til eftirtalinna lóða: Vesturgötu 48 þar sem landnotkun er breytt úr lóð fyrir verslun og þjónustu í lóð fyrir verslun og íbúðir. Kirkjubraut 25 þar sem breytingin felst í að breyta verslunar- og íbúðarlóð í opið svæði.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Framangreint deiliskipulag Akratorgsreits, Akranesi, tekur þegar gildi.

2. *Breyting á deiliskipulagi stofnanareits, Vogabraut 5 - Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi.*

Á fundi bæjarráðs Akraness, fyrir hönd bæjarstjórnar Akraness (sem var í sumarleyfi), sem haldinn var þann 12. júlí 2001 var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi stofnanareits, Vogabraut 5 — Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi.

Svæðið afmarkast af núverandi skólabyggingu sem fyllir út í byggingarreitinn og er sótt um að byggja einnar hæða byggingu við skólann í hluta af porti sem er á milli núverandi bygginga sem eru tveggja hæða.

Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Framangreint deiliskipulag stofnanareits, Akranesi, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 8. febrúar 2002.*

**Magnús Þórðarson**, bygginga- og skipulagsfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði kr. 6.800

Sorphirðugjald á ílát, sumarhús kr. 2.300

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.		kr.
Flokkur 1		5.500
Flokkur 2		33.000
Flokkur 3		99.000
Flokkur 4		198.000
Flokkur 5		396.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.